




# Skólaslit (Varúð skólabörn)

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



**Verkefnastjóri: Kolfinna Njálisdóttir**  
**Akurskóli UMS-99**  
**2021-2022**

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs Skólaslit (Varúð skólabörn)

## Akurskóli

Verkefnastjóri: Kolfinna Njálisdóttir

### Stýrihópur:

Kolfinna Njálisdóttir verkefnastjóri Skólaslita

Ævar Þór Benediktsson rithöfundur

Anna Hulda Einarsdóttir kennsluráðgjafi Reykjanesbæ

Heiða Ingólfssdóttir kennsluráðgjafi Suðurnesjabæjar

Ari Hlynur Guðmundsson Yates myndskreytir

### Verkefnahópur:

*Akurskóli: Þormóður Logi Björnsson og Elín Njálisdóttir*

*Bókasafn Reykjanesbæjar: Stefanía Gunnarsdóttir*

*Fjörheimar félagsmiðstöð: Ólafur Bergur og Davíð Þór Gunnarsson*

*Gerðaskóli: Særún R. Ástþórsdóttir og Einar Sveinn Guðmundsson*

*Háaleitisskóli: Óskar Birgisson og Jurgita Milleriene*

*Heiðarskóli: María Óladóttir og Guðbjörg S. Pálmarsdóttir*

*Holtaskóli: Sigrún Huld Auðunsdóttir og Eðvarð Þór Eðvarðsson*

*Myllubakkaskóli: Heba Friðriksdóttir og Sveinn Ólafur Magnússon*

*Njarðvíkurskóli: Helena Rafnsdóttir og Jóhann Gunnar Sigmarsson*

*Sandgerðisskóli: Sindri Lars Ómarsson og Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir*

*Stapaskóli: Elísabet Kjartansdóttir*

*Stóru-Vogaskóli: Svava Bogadóttir og Margrét Hreinsdóttir*

*Að auki: Haraldur Axel Einarsson, Hafþór Barði Birgisson, Helgi Arnarson, Vigdís Karlsdóttir, Ólöf K. Guðmundsdóttir og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir af fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Guðbjörg Sveinsdóttir af fræðsluviði Suðurnesjabæjar*

Reykjanesbær, maí 2022

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Markmið og leiðir .....	5
3. Tækifæri og væntingar .....	5
4. Áskoranir .....	6
5. Niðurstöður.....	6



# 1. Inngangur

Á þessu skólaári var ýtt úr vör þróunarverkefninu Skólaslitum sem styrkt var af Sprotasjóði og lauk því verkefni formlega nú í vor. Hér á eftir verður fjallað um tilurð verkefnisins þar á meðal kveikjunn og hvaða lærdóma má draga af verkefninu.

Upphaf verkefnisins má rekja til byrjun árs 2021 þegar kennsluráðgjafar á fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar áttu samtöl um þá áskorun sem grunnskólakennarar standa frammi fyrir þegar kemur að lestraráhuga nemenda og þá sér í lagi hjá drengjum. Þá áskorun að kveikja og viðhalda lestraráhuga hjá drengjum og í raun öllum nemendum en umræðan um drengi og lestur er og hefur verið fyrirferðamikil í okkar samfélagi. Skólaárið á undan höfðu verið tekin rýnihópasamtöl við kennara á yngsta- og miðstigi grunnskóla um gagnlegar aðferðir, námsmat, námsefni og hvernig við getum eftir lestur, lestraránægju og lesskilning en einnig um þær áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir í lestrarkennslu. Niðurstöður þessara samtala leiddi okkur á þann veg að fá til liðs við okkur Ævar Þór Benediktsson rithöfundur og leikara. Samtalið við hann þróaðist, óx og dafnaði í átt að því að hann myndi skrifa sögu í rauntíma sem yrði að skemmtilegri lestrarupplifun á landsvísi. Von okkar var að þetta yrði nýstárleg lestrarupplifun og myndi vekja athygli nemenda, kennara og foreldra. Við fengum í lið með okkur Ara Hlyn Yates teiknara og myndskreyti sem setti mark sitt á myndsköpun sögunnar og þá upplifun sem hún veitti.

Fljótlega í samtalinu kom í ljós að við gætum ekki nýtt okkur upphaflegt heiti verkefnisins „Varúð skólabörn“ þar sem annar rithöfundur er að skrifa bækur í Varúð-bókaflokki. Við ákváðum því að gefa verkefninu nýtt og betra heiti það er SKÓLASLIT.

Á vefsíðuna [www.skolaslit.is](http://www.skolaslit.is) var sett inn allt efni sem tengdist verkefninu og var vefurinn öllum opinn. Að auki var netfangið [skolaslit@gmail.com](mailto:skolaslit@gmail.com) nýtt til að koma upplýsingum til annarra skóla og taka við spurningum nemenda, kennara og annarra sem sýndu verkefninu áhuga. Í gegnum netfang verkefnisins tengdust grunnskólar víða um land og telst til að rúmlega hundrað skólar hafi tekið þátt í verkefninu að hluta til eða öllu leyti. Á vefsíðunni var gagnvirkur verkefnabanki, veggspjöld og bókamerki til útprentunar. Þar mátti einnig finna kynningarmyndbönd og fleira sem nýttist skólum við framkvæmd verkefnisins. Verkefnið þróaðist og varð að læsisverkefni sem er ólíkt öllu öðru sem við höfum áður gert.

Sagan Skólaslit verður gefin út af höfundi í bókaformi nú í haust og er óhætt að segja að útlit bókarinnar muni vekja athygli.




## 2. Markmið og leiðir

Markmið Skólaslita voru að læra af drengjum, hlusta á þá og fá innsýn í hugarheim þeirra og hugmyndir varðandi nálgun á lestri og öflun og úrvinnslu upplýsinga. Einnig var markmiðið að auka áhuga þeirra á lestri með fjölbreyttri nálgun og með áherslu á áhugahvetjandi og merkingabær verkefni. Auk þess vildum við vinna með viðhorf kennara til drengja og lesturs og opna huga þeirra gagnvart ólíkum leiðum til öflunar upplýsinga og þekkingarsköpunar. Enn fremur vildum við gefa feðrum tækifæri til aukinnar þátttöku í lestrarnámi drengja og kanna viðhorf þeirra til lesturs. Við vildum leggja okkar af mörkum til þess að breyta umræðu um drengi og lestur því við höfum fulla trú á því að þeir geti lesið þegar áhugasvið þeirra og styrkleikar tengjast lestrarefninu. Ein leiðin sem við völdum til að ná markmiðinu var að búa til nýstárlega lestrarupplifun í samstarfi við Ævar Þór Benediktsson rithöfund og Ara Yates myndskreyti. Önnur leiðin var að þessi lestrarupplifun yrði rafræn og gæfi því fleirum nemendum, kennurum og foreldrum tækifæri til að njóta hennar og taka þátt. Þriðja leiðin sem við völdum var að sagan yrði skrifuð í rauntíma þannig að nemendur hefðu tækifæri til að hafa áhrif á framgang hennar. Fjórða leiðin var umfangsmikil gagnaöflun á undirbúningstímanum. Fimmta leiðin var að setja saman verkefnahóp og þannig virkja betur skólana á svæðinu og þátttakendur verkefnisins. Allir grunnskólar í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum tóku þátt í verkefninu ásamt kennsluráðgjöfum, félagsmiðstöðinni Fjörheimum og Bókasafni Reykjanesbæjar. Stofnaður var verkefnahópur þar sem allir þessir aðilar áttu sína fulltrúa. Stýrihópur var skipaður en í honum sátu; Kolfinna Njálisdóttir verkefnastjóri Skólaslita, Anna Hulda Einarsdóttir kennsluráðgjafi hjá Reykjanesbæ, Heiða Ingólfssdóttir kennsluráðgjafi hjá Suðurnesjabæ og Ævar Þór Benediktsson rithöfundur ásamt Ara Yates myndskreyti.

## 3. Tækifæri og væntingar

Fjöldmörg tækifæri felast í því að eiga þess kost á að taka þátt í þeirri sköpun sem þetta verkefnið veitti. Undirbúningur verkefnisins hófst þegar líða fór á vorönn 2021 með umfangsmikilli gagnaöflun þar sem kennarar tóku rýnisamtöl við drengi á miðstigi í öllum grunnskólum í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum en einnig var send út spurningakönnun til drengja á unglingsstigi. Send var út rafræn könnun til fulltrúa kennara og foreldra til að fá gagnlegar upplýsingar um upplifun drengja, foreldra og kennara af lestri því rödd þeirra er afar mikilvæg. Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir voru gögnin greind og send og niðurstöður ræddar við Ævar Þór og kennara í þeim tilgangi að nýta þær til að koma sem best til móts við áhugasvið og þarfir drengja. Niðurstöður leiddu í ljós að áhugasvið drengja eru mjög fjölbreytt en margir svöruðu því að lestrarefni um íþróttir, tölvuleiki, tónlist, hrollvekjur og ævintýri heilluðu mest. Flestir vildu þeir geta lesið efni sem tengdist áhugasviði þeirra. Hvað varðar lestrarform þá nefndu flestir vefmiðla, hefðbundnar bækur, rafbækur og hljóðbækur. Einnig voru teiknimyndabækur nefndar og hlaðvörp. Langflestir drengirnir svöruðu því að lestur væri þeim mikilvægur. Þeir vildu einnig fá fleiri tækifæri til þess að hlusta á sögur og hafa eitthvað um það að segja hvenær þeir lesa fyrir aðra. Einn drengur orðaði þetta vel og sagðist vilja „lesa þegar við erum í stuði – ekki þegar aðrir eru í stuði fyrir að láta okkur lesa“.

Misjafnt var eftir svörunum hvort drengir teldu að lestur væri sýnilegur á heimilum og voru þeir sammála foreldrum sínum þar. Á heildina litið taldi meirihluti svarenda að lestur væri sýnilegur á heimilum. Væntingar til verkefnisins var breytt orðræða um drengi og lestur. Einn af lærdómunum var sá að það þarf að hlusta betur á þá og reyna að skilja hvað þarf til þess að fá þá til þátttöku. Þó svo að áherslan hafi verið á drengi í upphafi verkefnisins þá var það ætlað öllum nemendum á mið- og unglingsstigi



grunnskóla sem höfðu áhuga og vildu vera með. Þessi gagnaöflun gaf okkur gott tækifæri til að skyggjast betur inn í hugarheima drengja og foreldra þeirra og hlusta á rödd þeirra. Þessar raddir voru síðan nýttar í grunn þeirrar sögugerðar sem rithöfundar gaf okkur í Skólaslitum.

## 4. Áskoranir

Öllum tækifærum fylgja áskoranir og þó nokkra fylgdu þessu verkefni. Það var okkur stór áskorun að hafa allan októbermánuð undir og þar voru helgar meðtaldar. Lítið svigrúm var fyrir þásku hjá þeim sem unnu daglega að verkefninu, halda þurfti skýrum huga alla leið og vera trúr verkefninu. Þann tíma sem sagan var í gangi hrúguðust inn tölvupóstar á netfang verkefnisins þar sem nemendur, kennarar og foreldrar spurðu spurninga úr sögunni eða vildu vita meira. Spurningarnar voru teknar saman og var reynt var að svara þeim öllum. Samhliða sögugerð, myndsköpun, yfirlestri og fleiru bættist því við þetta stóra hliðarverkefni sem við gerðum ekki ráð fyrir í upphafi. Auk þess að svara spurningum og vangaveltum í gegnum tölvupóst útbjó Ævar Þór nokkur myndbönd sem sett voru á vefsíðu verkefnisins með svörum við spurningum sem til okkar komu. Þarna sáum við að nemendur og kennarar um allt land voru að taka virkan þátt í verkefninu og að það hafði vakið athygli og áhuga fjölda barna og ungmenna. Sama hvaða áskorun kom upp á tímanum þá var samstaða innan stýrihópsins og verkefnahópurinn stóð þétt að baki honum. Allir lögðu sitt að mörkum við að bjóða fram lausnir til að verkefnið gæti haldið áætlun og að nemendur myndu njóta verkefnisins. Óhætt er að segja að unnið hafi verið dag og nótt allan októbermánuð að verkefninu. Unnið var að verkefninu í tveimur löndum þar sem Ari myndskreytir sögunnar býr í Danmörku. Fjölmörg samtöl áttu sér stað í gegnum netið með hjálp TEAMS forritsins og í gegnum samskiptaforritið Messenger með rituðum skilaboðum eða hljóðskrá. Hlutina þurfti að hugsa hratt sem og að taka ákvarðanir. Hröð og ör samskipti sem þessi voru áskorun fyrir marga og lærðum við margt af þessari vegferð.

## 5. Niðurstöður

Allur októbermánuður var undirlagður af sögunni Skólaslit í grunnskólunum okkar og það var sama hvert litið var, alls staðar hafði efni hennar áhrif og var sjáanlegt í verkum nemenda. Heimilin tóku þátt, nemendur og foreldrar hlustuðu eða lásu saman í upphafi dags eða áttu notalega kvöldstund. Það vildu allir fylgjast með því hvernig sögupersónur Skólaslita tókust á við áskoranir sem þær stóðu frammi fyrir enda magnaðist spennan eftir því sem leið á mánuðinn. Nemendur ræddu söguna sín á milli og spáðu fyrir um framhaldið, myndbönd voru gerð, teikningar litu dagsins ljós, en sköpun var allsráðandi. Í skólunum voru unnin verkefni í anda sögunnar og sögupersónur lifnuðu við þegar nemendur og kennarar klæddu sig upp á Hrekkjavöku þar sem þau settu sig í spor sögupersóna Skólaslita því skólarnir nýttu sér Hrekkjavöku að hluta til sem uppskeruhátíð Skólaslita. Í öllum skólum var sköpun nemenda í kjölfar sögunnar fjölbreytt og sýnileg, en hver og einn skóli útfærði það á sinn hátt. Félagsmiðstöðin Fjörheimar sá um að undirbúa draugahús í tilefni Hrekkjavöku og varð sú vinna lituð af sögunni Skólaslit. Þarna var öllu til tjaldað og ungmenni á vegum Fjörheima höfðu veg og vanda að uppsetningu draugahússins og var magnað að sjá allar þær hugmyndir sem fram komu og voru útfærðar til að skapa stemningu í anda Skólaslita. Þarna fengu frjóar hugmyndir byr undir báða vængi, þær útfærðar og framkvæmdar. Draugahúsið var opið í þrjá daga í kringum Hrekkjavöku í lok október.



Húsnæðinu, sem er rúmlega fjögur hundruð fermetrar að stærð, var skipt upp í níu svæði og undirlagt af hrollvekju og draugagangi þessa daga. Tvær útfærslur voru á draugahúsinu, annars vegar hefðbundin þar sem myrkur var og hugmyndaflugið réði för og hins vegar þar sem ljósin voru kveikt þannig að þeir sem vildu taka þátt gátu komið án þess að dvelja í myrkrinu. Í heildina fóru um tvö þúsund manns á öllum aldri í gegnum draugahúsið þá daga sem það var opið og mikill meirihluti nemenda miðstigs grunnskóla á svæðinu var þar á meðal. Ungmenni í Fjörheimum útbjuggu einnig kynningarmyndbönd fyrir Skólaslit, uppsetningu á kynningarefni og fleira. Fulltrúar Fjörheima fóru alla leið með verkefnið og leystu úr öllum þeim áskorunum sem þeir stóðu frammi fyrir með glæsibrag. Bókasafn Reykjanesbæjar setti upp sýningu í anda Skólaslita í hluta húsnæðis síns og buðu nemendum á öllum aldri að koma, sjá og upplifa. Vakti sú sýning mikla lukku nemenda og þá sérstaklega hjá yngri nemendum sem ekki höfðu tekið fullan þátt í verkefninu en höfðu heyrt af því í skólanum. Þar fengu nemendur að prófa og upplifa margt sem tengdist sögunni bæði beint og óbeint. Verkefnið Skólaslit fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum og gerðu Víkurfréttir því góð skil bæði í blaðinu og í sjónvarpi þeirra, Suðurnesjamagasíni. Einnig heimsótti RÚV okkur og fjallaði um verkefnið í Landanum. Birtar hafa verið greinar um verkefnið í Víkurfréttum, á vef Reykjanesbæjar og á Skólaþráðum. Verkefnið Skólaslit fékk nú í vor Vorvindaþurkenningu IBBY á Íslandi fyrir framlag til barnamenningar. Það var jafnframt tilnefnt til foreldraverðlauna Heimilis og skóla nú í maí.

Verkefnið var metið með samtölum við kennara, spurningalistum til nemenda og með því að meta þátttökutölur og samskipti í gegnum tölvupóst. Alls staðar var mikil ánægja með verkefnið. Nemendur töluðu um óhefðbundna kennslu, fjölbreyttar leiðir og að það hafi verið skemmtilegt að vinna með verkefni í tengslum við Skólaslit. Kennarar og starfsfólk skóla, bókasafna og félagsmiðstöðvarinnar hafði orð á því að verkefnið hafi í alla staði verið vel skipulagt, framsetning lifandi og skýr og að það hafi ýtt undir mikið samstarf innan sem utan skólanna, skapandi vinnu og lestraráhuga. Eftir samtöl við kennara er ekki annað að heyra en að þeir hafi almennt verið mjög ánægðir með hvernig til tókst. Það sem stóð upp úr eftir samtöl við þá var að verkefnið gaf aukin tækifæri til samstarfs innan skóla og á milli þeirra. Við höfum náð þeim markmiðum sem við settum okkur í byrjun og ætlum okkur að eiga annað samtál við drengina um lestur nú í haust. Við viljum halda áfram að hlusta og læra, æfa okkur og gera þær breytingar sem gera þarf til að auka lestraráhuga og lestrarfærni drengja. Upplýsingar úr þeim könnunum sem þegar hafa verið lagðar fyrir hafa sannfært okkur um að verkefnið var áhugaverð og spennandi lestrarupplifun og hefur skilað þeim árangri sem við lögðum upp með.


Vefsíða Skólaslita var virk allan tímann og var opin öllum, þar var hægt að fylgjast með fjölda heimsókna. Á Íslandi tóku rúmlega hundrað grunnskólar um allt land þátt og fengu kennarar og nemendur tækifæri til að setja efni tengt sögunni á hugmyndavegg vefsíðunnar. Hann var einnig opin og aðgengilegur. Á vefsíðuna kom kafla úr sögu Ævars Þórs inn daglega og myndskreyting Ara Yates ásamt hljóðskrá með upplestri höfundar. Alls komu inn á vefsíðuna þrjátíu og tveir kaflar á tímabilinu 1. október til 1. nóvember. Auk þátttakenda frá Íslandi var umferð um síðuna frá um þrjátíu öðrum löndum. Þau fimm lönd sem voru með flestar komur á síðuna voru Danmörk, Spánn, Bretland, Svíþjóð og Bandaríkin. Næst á eftir þeim komu Noregur, Holland, Þýskaland, Ítalía, Írland og Pólland. Það er því óhætt að segja að Skólaslit hafi komið víða við, ferðast um allan heim og heimsótt fjölmörg og ólík heimili. Engin leið er að taka saman þann fjölda barna og ungmenna sem hlustuðu á söguna en gera má ráð fyrir að hann hafi verið gríðarlega mikill. Verkefnið hefur því víða haft áhrif á skólastarf eins og sjá má á myndinni hér á eftir sem sýnir á skóla sem tóku þátt að hluta til eða öllu leyti.



Við erum sammála um að verkefni hafi vaxið og dafnað á þessu tímabili, verkefni sem fyrst var hugsað fyrir drengi á ákveðnum aldri í grunnskólum Reykjanesbæjar varð að risavaxinni skemmtun þar sem nemendur á öllum aldri í grunnskólum á Íslandi tóku þátt og virtust njóta í botn. Um er að ræða einstakt þróunarverkefni þar sem nemendur, kennarar og foreldrar voru þátttakendur allan tímann. Þátttakendur fengu tækifæri til að fylgjast með sögu skrifaðri í rauntíma því sögubrotin og teikningarnar voru unnar jafnóðum. Ævar Þór fékk ábendingar frá nemendum í gegnum tölvupóst sem hann reyndi eftir bestu getu að bregðast við og lét þessar ábendingar hafa áhrif á persónusköpun og atburðarrás sögunnar. Fjöldi spurninga og athugasemda varðandi persónur og framgang þeirra var svarað því sem næst jafnóðum og þær bárust. Því má segja að þessi októbermánuður hafi leitt af sér mikilvægar upplýsingar og tækifæri til áframhaldandi vinnu þar sem áhugahvöt, þekkingarleit og sköpun eru í fyrirrúmi. Stýrihópurinn fékk strax hvatningu til þess að framkvæma sambærilegt verkefni aftur á næsta skólaári og er undirbúningur þess að hefjast. Skólaslit munu því lita aftur ljós á næsta hausti og mögulega í aðeins breyttri útfærslu.

Reykjanesbær 31. maí 2022

  
 Sigríður Hóbertsdóttir  
 skólastjóri Akurskóla

  
 Kolfinna Njálisdóttir  
 verkefnastjóri Skólaslita



## Umsagnir um verkefnið

### Frá Ævari Þór rithöfundu

„Skólaslit var bæði skemmtilegt og krefjandi verkefni. Að sjálfsgöðu er hægt að vinna sögu marga mánuði fram í tímann, en það er voða lítið stuð sem fylgir svoleiðis vinnubrögðum. Allir í sögunni eru í lífshættu frá fyrsta orði; hvers vegna ættu höfundurinn og teiknarinn ekki að vera í sömu stemmingu? Að finna frábæru viðbrögðin við Skólaslitum litaði klárlega hvert sagan fór og persónur sem áttu að vera éttnar í fyrstu köflunum fengu að lifa mun lengur en höfundurinn hafði upphaflega ákveðið, bara vegna þess að lesendur voru að fíla þær.

En þetta var ekki bara gaman; ég lærði líka helling af þessu. Eins og til dæmis að það hefði verið sniðugt að taka pásur á sögunni um helgar. Og að krökkum finnst fyndið að einhver staðar liggja hálfur íþróttakennari. Og örugglega eitthvað fleira líka.

Allavega; þetta var gríðarlega gaman og ég vil nota tækifærið og þakka öllum krökkunum sem lásu og hlustuðu og öllu fullorðna fólkinu sem tóku þátt í verkefninu.“

„Það að vinna að jafn stóru og flóknu verkefni og Skólaslitum er afar gefandi. Þetta er í fyrsta skiptið sem það er farið í verkefni af þessari tegund hér á landi og margt sem má hafa í huga þegar leikurinn verður endurtekinn; t.d. er helgarfrí nauðsynlegt, svo kennarar og nemendur þurfi ekki að lesa marga kafla þegar þau mæta aftur í skólann á mánudegi. Sömuleiðis mætti stytta suma kaflana og frá mínum bæjardryrum séð væri gott að skrifa þessa sögu nokkrar vikur fram í tímann, en ekki nánast í rauntíma eins og ég endaði á að gera. Á móti kemur þýddi það miklu meira stuð fyrir mig og það var mjög skemmtileg áskorun fyrir mig sem höfund að vita ekki hvert sagan væri að fara, samhliða því að tugir þúsunda barna væru að lesa og hlusta á hverjum morgni. Maður varð að standa sig og viðbrögðin sýndu svo sannarlega að okkur tókst það.“

### Frá Ara Hlyni myndskreyti

„Skólaslit verkefnið var gríðarlega skemmtilegt og krefjandi fyrir mig. Ég lærði mjög mikið af þessu verkefni. Ég er alls ekki vanur að gera hryllings-myndir en ég var mjög spenntur fyrir því að vinna með Ævari og verkefninu í heild, enda hljómaði þetta mjög nýstárlegt og skemmtilegt. Mér var gert ljóst að það kæmi út einn kafli á dag út október. Það fór töluvert langur tími í að ákveða stílinn og hvernig myndirnar ættu að vera. Ég endaði á að velja að gera myndirnar stórar og í fullum lit. Það endaði á að vera þannig að ég var að klára myndirnar kvöldið áður en þær áttu að vera í loftið og að ég gerði ekkert nema að sofa, borða og teikna. En þetta var líka rosalega skemmtilegt, ég og Ævar klóruðum okkur í gegnum þetta og það hafðist nokkurn veginn klakklaust. Ég óx sem listamaður við að vinna þetta verkefni, eins og oft er raunin þegar pressan er mikil og maður þarf að hugsa á tánum.“

### Frá Fjörheimum

„Mikil stemning skapaðist í kringum verkefnið í félagsmiðstöðinni Fjörheimum og tóku ungmennin virkan þátt í vinnunni. Ákveðið var að halda risa draugahús í félagsmiðstöðinni á hrekkjavökunni þar sem þemað var Skólaslit. Draugahúsið var opnað sama dag og lokakaflinn í sögunni kom út og því var spennustigið hátt. Öll ungmenni í 8.–10. bekk sem höfðu áhuga var boðið að taka þátt í draugahúsinu. Alls voru um 50 ungmenni sem að hjálpuðu til við uppsetningu og skipulagningu, sem tók heila þrjá

daga. Hápunkturinn fyrir ungmennin var að sjálfsögðu að fá að vera í ógeðslegum hlutverkum við að hræða og bregða gestum draugahússins.

Ungmenni úr listasmiðjuhópi félagsmiðstöðvarinnar sáu um að farða og mála þannig að allir væru eins hræðilegir og hægt var. Til þess að auglýsa draugahúsið var svo unglíngastiginu í Myllubakkaskóla boðið að leika uppvakninga í kynningarmyndbandi fyrir viðburðinn, sem vakti mikla lukku. Draugahúsið var opið öllum á hrekkjavökunni, þar sem mættu tæplega 1200 manns og daginn eftir var svo sérstök opnun fyrir miðstig allra grunnskóla á Suðurnesjum. Það voru því í kringum 2000 manns sem fóru í gegnum draugahúsið í heildina og greinilegt að það býr mikið hugrekki í íbúum Reykjanesbæjar.“

Davíð Már Gunnarsson

### Frá Akurskóla

„Akurskóli tók virkan þátt í Skólaslitum. Nemendur hlustuðu á eða lásu söguna í tímum og okkar tilfinning er sú að áhugi á verkefninu hafi farið vaxandi eftir sem leið á og að almennt hafi áhugi nemenda á lestri aukist og sérstaklega hjá drengjum. Nemendur sem hafa ekki áður tekið virkan þátt í umræðum um lesefni sýndu Skólaslitum áhuga og voru sumir fullir tilhlökkunar fyrir næsta kafla.

Á tímum þar sem línuleg dagskrá virðist vera að fjara út tókst einkar vel að taka þátt í verkefni þar sem við fengum einn kafla á dag. Við tókum verkefnið alla leið með þemadögum um miðjan október tileinkuðum hrollvekjum og draugasögum. Nemendur bjuggu til hálfétinn kennara, draugahús, stuttmynd, vampírur og afturgöngur. Hópar voru þvert á árganga, þar sem elstu nemendurnir, sem jafnvel eru orðnir aðeins of fullorðnir fyrir Skólaslit að eigin mati, fengu meiri áhuga í gegnum þá yngri.

Við hlökkum til að takast á við sambærilegt verkefni aftur. Og við trúum því að með reynsluna af Skólaslitum, séum við enn betur í stakk búin að takast á við það.“

Pormóður Logi Björnsson

### Frá Njarðvíkurskóla

„Upplifun okkar í Njarðvíkurskóla af verkefninu Skólaslit eftir Ævar Þór var almennt mjög góð. Verkefnið nýttist í raun fleirum en lagt var upp með í upphafi þar sem nemendur alveg niður í 1. bekk voru þátttakendur en á sínum forsendum.

Frá fyrsta degi biðu nemendur með eftirvæntingu eftir næsta kafla og töluðu bæði foreldrar og nemendur um að þetta væri orðinn fastur liður við morgunverðarborðið áður en lagt var af stað í skólann og þarf af leiðandi tengdist verkefnið hjá mörgum nemendum inn á heimilin.

Í skólanum hlustuðu nemendur á upplestur frá Ævari. Það var vel heppnað að fá hann til að lesa söguna sjálfan. Það skiptir miklu máli að geta valið að lesa eða hlusta á textann.

Októbermánuður í Njarðvíkurskóla var helgaður þessu verkefni og gekk það fyrir öðru starfi. Við fundum að það voru allir að ganga í takt og stefna að sama markmiði sem var frábært að finna. Það fór algjörlega eftir hverjum árgangi fyrir sig hvernig verkefnið var útfært. Sumir vörpuðu textanum upp á skjá þannig að nemendur gátu bæði lesið og hlustað. Einhverjir gerðu flott myndræn verkefni eftir hverja viku. Verkefnið var líka nýtt til að efla lesskilning, til dæmis með forspá og umræðum. Orðaprenna vikunnar er verkefni sem er í gangi allt skólaárið í Njarðvíkurskóla þar sem kennarar taka

*fyrir þrjú orð á viku og voru þau tengd Skólaslitum þennan mánuð. Þessi verkefni, ásamt mörgum öðrum, voru framkvæmd þennan mánuð.*

*Við viljum hrósa þeim sem héldu utan um verkefnið og komu því á laggirnar. Takk fyrir gott samstarf og skemmtilegt verkefni.“*

f.h. Njarðvíkurskóla

Helena og Jóhann Gunnar

